

**Samkomulag**

**milli Snóks þjónusta ehf. (Snókur), kt. 490419-1280, Leynisvegi 6,  
Grundartanga (301 Akranes)  
annars vegar,**  
**og**  
**Verkalýðsfélags Akraness (VLFA), kt. 680269-6889, Sunnubraut 13,  
300 Akranes, vegna félagsmanna sinna,  
hins vegar.**

1. gr.  
Gildistími

Gildistími samkomulags þessa er frá 1. janúar 2020 , að telja og til 31. desember 2020.

2. gr.

Tilgangur samkomulags þessa og umfang

Tilgangur samkomulags þessa er að félagsmenn VLFA vinni á sambærilegum starfskjörum og hafi sambærileg launþegaréttindi og starfsmenn Elkem ehf. á Grundartanga. Lýsa aðilar samkomulagsins því hér með yfir að ákvæði kjarasamnings Samtaka atvinnulífsins vegna Elkem á Íslandi ehf. við viðkomandi verkalýðsfélög, þ.m.t. VLFA dags. 12. maí 2017, sem síðast var breytt með samningi 13. febrúar 2020, gildir að breyttu breytanda og eftir því sem við á fyrir félagsmenn VLFA sem starfa hjá Snók, með eftirfarandi sérákvæðum og/eða undanþágum:

- a) Bónuskerfi samkvæmt 4. kafla kjarasamnings dags. 12. maí 2017 nær ekki til starfsmanna Snóks, enda hefur ávinningur af bónuskerfinu verið fært inní launataxta.
- b) Starfsmenn sem vinna á reglubundum vöktum munu fá vetrarfrí fellt inn í jafnaðarálag. Með þeirri leið hefur áunnið vetrarfrí verið fellt inní aukningu á vaktaprósentu. Á þetta bæði við um 10 tíma dagvaktir 7/7 sem og 12 tíma vaktir dv/nv 7/7.
- c) Launataxtar starfsmanna Snóks munu hækka um 4,25% frá og með 1. janúar 2020

3. gr.

Atkvæðagreiðsla

Samningur þessi skal borinn undir atkvæði félaga í VLFA sem starfa hjá Snók. Niðurstöðu atkvæðagreiðslu skal tilkynna til Snóks fyrir kl. 12:00 20.3.2020, ella skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík 10.3.2020

f.h. Snóks þjónustu ehf.

f.h. Verkalýðsfélags Akraness

